

## Umhverfisstefna

Starfsemi Rauða krossins verði þannig að hún valdi sem minnstri mengun og álagi á auðlindir og umhverfi. Skref í þá átt eru:

Minnka úrgang með markvissari notkun upplýsingatækni, minni notkun á pappír og einnota vörum.

Auka endurvinnslu með skilum á flokkuðum úrgangi og spilliefnum.

Stunda umhverfisvæn innkaup á rekstrarvörum og við endurnýjun búnaðar.

Minnka orkunotkun, huga að umhverfisvænum samgöngum og fundum og draga úr losun koltvísýrings (þar verði horft til bílaflota félagsins).

Umhverfisstarfið er eðlilegur hluti í starfi Rauða krossins. Með því að halda utan um umhverfisstarfið er hægt að sýna fram á í hverju það felst, fylgjast með þróun þess og gera það sýnilegra.

Rauði krossinn mun vekja athygli á neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á hin fátækari ríki og hvetja stjórnvöld til að virða alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfis- og loftlagsmálum.

Í starfi Rauða krossins og Rauða hálfmánans eru loftslags-, umhverfis- og mannúðarmál samtvinnuð. Rauða kross hreyfingin á að vera fyrirmynd í umhverfisvænni hugsun, háttum og starfi, sem aftur leiðir af sér aukin lífsgæði fyrir þá sem höllum fæti standa.

Rauði krossinn mun beita sér fyrir því að alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans móti umhverfisstefnu sem væri hugsuð sem grunnur fyrir landsfélögin.

Fyrir utan ávinning náttúrunnar sjálfrar og umhverfisins, fylgir umhverfisstarfinu m.a. beinn rekstrarsparnaður. Þess utan sýnir Rauði krossinn með góðu orðspori í umhverfismálum samfélagslega ábyrgð og eflir með því enn meir ímynd félagsins.

Mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstefnu er þátttaka allra. Til að svo megi verða mun Rauði krossinn leggja sig fram um að efla umhverfisvitund innan félagsins og áhuga á mikilvægi umhverfismála með reglulegri fræðslu og þjálfun.

Árangursmat:

Greinargerð um stöðu umhverfismála verði hluti af ársskýrslu félagsins í heild og einstakra eininga innan þess.

Sett verði raunhæf markmið um að minnka losun CO<sub>2</sub> vegna bílaflota félagsins. Reikna þarf út og gera yfirlit yfir eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs í dag og byggja áætlunina á því.